

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu Fjarðabyggðar.

#### 1. gr.

##### *Álagningarstuðull.*

Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,29% af húsmati fasteigna. Fráveitugjald er innheimt bæði af húsmati heimila og fyrirtækja. Fráveitugjald er innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

##### *Þjónustugjald.*

Fyrir hverja fasteign innan marka Fjarðabyggðar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fjarðabyggðar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 20. gr. samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 16. gr. samþykktar um fráveitur í Fjarðabyggð.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 3. gr.

##### *Gjaldskrá.*

Þjónustugjald samkvæmt 1. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

<i>Stærð rotþróar í lítrum</i>	<i>Þjónustugjald</i>
< 3.500 lítrar	16.000 kr.
3.500 – 5.500 lítrar	24.000 kr.
5.500 – 8.000 lítrar	31.000 kr.
> 8.000 lítrar	31.000 kr.
auk. pr. viðbótar rúmmetra	5.000 kr.
Tímagjald hreinsibíls á klst.	11.000 kr.

Förgunargjald er samkvæmt verðskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 2.000 kr. að 50 metrum en 6.000 kr. eftir það.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarhúsnæði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en 15.000 kr. af hverri húseign.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjuleikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 2. gr., fyrir tíma umfram 2ja klst. vinnu- og akstur tíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.

#### 4. gr.

##### *Gjalddagi og innheimta.*

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 5. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar eru í fasteignarmat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

- |  |             |
|--|-------------|
| 5.1. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð ≤ 150 mm | 92.000 kr.  |
| 5.2. Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð > 150 mm   | 184.000 kr. |

## 6. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í nóvember 2011 (111,4 stig). Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár nr. 771/2008 fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit með rotþróm í Fjarðabyggð og nr. 1084/2010 um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og stofngjöld holræsa og vatnsveitu í Fjarðabyggð.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 25. október 2011, í bæjarráði 14. nóvember 2011 og í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 24. nóvember 2011.

*Fjarðabyggð, 24. nóvember 2011.*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.